

Ný matvælalöggjöf

og áhrif á sjávarútvegsfyrirtæki

Með innleiðingu nýrrar matvælalöggjafar verða nokkrar áherslubreytingar varðandi meðferð og umgengni um fisk sem hráefni til matvælavinnslu.

Lagarafurðir – meðferð afla og hráefnis

Slæging

Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er ekki kveðið á um hversu lengi skip geti verið að veiðum til þess að mega landa aflanum óslægðum.

Við aðgerðir á borð við hausun og slægingu skal fylgja reglum um hollustuhætti. Ef unnt er, í tæknilegu og viðskiptalegu tilliti, að slægja fiskinn skal það gert eins skjótt og unnt er eftir veiði og löndun. Afurðirnar skal þvo vandlega strax að lokinni aðgerð.

Ekki er kveðið á um bein tímamörk hvenær slægingu skuli lokið.

Kæling

Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 eru tvær megináherslur varðandi aflameðferð. Önnur þeirra er kæling aflans.

Meðhöndlun afla sem hráefnis

Hin megináherslan í reglugerð (EB) nr. 853/2004 varðandi aflameðferð er að umgengni um fiskinn sé í samræmi við að um matvæli sé að ræða.

Krafa

- Geymsla og flutningur við viðeigandi hitastig
- Fiskur liggi ekki í bræðsluvatni
- Hreinlæti og þrif
- Varnir gegn mengun
- Aðskilnaður við slægingu. (Innyfli og þeir hlutar af fiskinum, sem gætu verið heilsuspillandi, skulu hafa verið skillin strax frá við slægingu og haldið aðskildum frá afurðum sem eru ætlaðar til manneldis.)
- Ferskleikakröfur til manneldis. (Viðauki 9 úr reglugerð nr. 233/1999 gildir áfram.)

Krafa

- 12 tíma reglan um slægingu þar sem segir að ef heimilt er að landa óslægðum afla, skuli hann slægður innan 12 klst. frá löndun, fellur úr gildi.
- Krafan um að afli annarra báta en dagróðrabáta komi slægður að landi, er ekki lengur til staðar.

Afleiðing

Krafa

- Kæla skal lagarafurðir eins fljótt og hægt er eftir að þær eru teknar um borð.
- Mikilvægt er að losun og löndun gangi hratt fyrir sig.
- Eftir löndun skal lagarafurðum þegar í stað komið á öruggan stað við viðeigandi hitastig. Ferskum afurðum skal haldið við hitastig sem nálgast hitastig bráðnandi íss.

Viðbrögð, ef þörf verður á

Ráðherra getur með reglugerð sett strangari kröfur en gert er í reglugerð (EB) nr. 853/2004.

Þess ber að geta að þær tilslakanir varðandi slægingu og kælihraða sem hér eru nefndar eru frá séríslenskum ákvæðum í reglugerð 233/1999.



... þú berð ábyrgð

Lagarafurðir – sértækar kröfur

Kæling í iskrapa (kældu vatni)

Nýmæli

Heimilt er að flytja og geyma heilar og slægðar lagarafurðir í kældu vatni um borð í skipum. Einnig er heimilt að flytja þær áfram í kældu vatni eftir löndun og að flytja þær frá eldisstöðvum þar til komið er með þær í fyrstu starfsstöðina í landi þar sem fram fer önnur starfsemi en flutningur og flokkun.



Krapakæling sem vinnsluprep

Matvælastofnun lítur á krapakælingu sem vinnsluprep svo fremi að hitastig krapans sé nálægt hitastigi bráðnandi íss og að viðdvöl afurða í iskrapanum sé eðlileg miðað við tilgang vinnsluprepsins, þ.e. að lækka hitastig afurða í vinnslu og lágmarka þannig örveruvöxt. Geymsla fiskstykki og -flaka í iskrapa umfram það er óheimil.

Framleiðsla á fisklýsi

til manneldis

Með breytingum á reglugerð (EB) nr. 853/2004 eru gerðar auknar kröfur varðandi hráefni til fisklýsis sem ætlað er til manneldis.

Krafa

Stjórnendur matvælafyrirtækja verða að tryggja að hráefni, notað við tilreiðslu fisklýsis, sem ætlað er til manneldis, samræmist eftirfarandi kröfum:

- Hráefnið verður að vera úr lagarafurðum sem teljast hæfar til manneldis.
- Hráefnið verður að koma frá starfsstöðvum, þ.m.t. fiskiskípum, sem eru viðurkenndar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004 eða 853/2004.
- Hráefnið verður að flytja og geyma til vinnslu við hollustusamleg skilyrði.
- Reglugerð 1020/2008 kveður að auki á um að hráefni í lýsi til manneldis skuli kælt eins fljótt og auðið er niður undir 0°C, nema ef lagarafurðin er notuð heil til framleiðslu á lýsi til manneldis, framleiðslan eigi sér stað innan 36 klst. frá veiði elsta hluta farmsins og að farmurinn standist ferskleikaviðmið (TVB-N) sbr. lið 1, kafla I, þátt II í viðauka II í reglugerð (EB) nr. 2074/2005.
- Ferill framleiðslu lýsis sem ætlað er til manneldis verður að tryggja að hráefnið fari í gegnum öll viðeigandi vinnsluprep áður en lýsið er sett á neytendamarkað.

Niðurstaða

Að ofangreindum skilyrðum uppfylltum varðandi lýsi til manneldis, er heimilt að framleiða og geyma í sömu starfsstöðinni fisklýsi til manneldis og fiskimjöl og –lýsi sem ekki er ætlað til manneldis.

Af þessu leiðir að ef hráefni til framleiðslu fiskimjöls og –lýsis stenst ekki alltaf ofangreindar kröfur, er óheimilt að framleiða lýsi til manneldis í viðkomandi fiskimjölsverksmiðju.

Lagarafurðir eru öll sjávar- og ferskvatnsdýr (nema lifandi samlokur, lifandi skrápdýr, lifandi möttuldýr og lifandi sæsniglar og öll spendýr, skriðdýr og froskar), bæði villt og alin og öll æt form, hlutar og afurðir slíkra dýra.